

Gísla saga

Fleyg orð og setningar

Fleyg orð úr Gísla sögu (1)

- Eigi var ég Ara gift að ég vildi þig eigi heldur átt hafa.
- **Ingibjörg Ísadóttir við Gísla Þorkelsson**
- Eigi munu þeir allir samþykkir hið þriðja sumar er þar eru nú í þeim flokki.
- **Gestur Oddleifsson við Þorkel auðga um þá fóstbræður fjóra, Gísla, Þorkel, Véstein og Þorgrím goða**
- Ærinn vanda hef ég þótt ég geri þetta við þá báða, Þorkel og Gísla, en mig skyldir ekki til við Véstein.
- **Þorgrímur goði þegar hann neitar að gangast í fóstbræðralag við Véstein**
- Svo munum vér þá fleiri gera og skal ég eigi binda mér vanda við þann mann er eigi vill við Véstein, mág minn.
- **Gísli Súrsson þegar Þorgrímur neitar að sverjast við Véstein**
- Oft stendur illt af kvennahjali og má vera að hér hljótist af í verra lagi.-
- **Auður við Ásgerði þegar Þorkell Súrsson hafði látið þær vita að hann heyrði á samtali þeirra**

Fleyg orð úr Gísla sögu (2)

- Engar sóttir eru á mér en sóttum verra er þó.
- **Porkell Súrsson við Gísla eftir atburðinn í dyngju Ásgerðar og Auðar**
- Mæla verður einhver skapanna málum og það mun fram koma sem auðið verður.
- **Gísli við Auði eftir að hún sagði honum frá atburðinum í dyngju þeirra Ásgerðar**
- Saman er bræðra eign best að líta og að sjá.
- **Gísli við Þorkel þegar Þorkell tilkynnir honum að hann vilji flytjast að Sæbóli til Þorgríms goða**
- Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar.
- **Vésteinn við Hallvarð og Hávarð þegar þeir láta hann fá peninginn frá Gísla**

Fleyg orð úr Gísla sögu (3)

- Margt hefur skipast í Haukadal.
- Þorvaldur gneisti við Véstein þegar Vésteinn var á leið til Gísla
- Eigi eru launin sýnni en svo.
- Þorkell við Gísla þegar Gísli færir honum gjafir Vésteins
- Hneit þar.
- Vésteinn eftir að hann var stunginn
- Tíðindi myndi oss það hafa þótt eina stund.
- Þorkell er hann heyrir tíðindin af morði Vésteins
- Ekki kann ég helskó að binda ef þessir losna.
- Þorgrímur goði þegar hann bindur Vésteini helskó
- Allt kann sá er hófið kann.
- Þorkell við Þorgrím goða þegar Þorgrímur biður hann um að senda eftir gjöfum Vésteins sem Þorkell hafi neitað að taka á móti
- Skammt er þá milli illra verka og stórra ...
- Gísli við Þorkel þegar Þorkell segir honum af vígi Þorgríms goða

Fleyg orð úr Gísla sögu (4)

- Eigi kann ég skip að festa ef þetta tekur veður upp.
- Gísli þegar hann festir skipið sem Þorgrímur var heygður í
- Eru oft köld kvenna ráð.
- Börkur digri eftir að Þórdís hafði ráðið vísu Gísla þar sem hann játar á sig víg Þorgríms
- Ekki hirði ég um spár þínar.
- Þorkell við Gísla þegar Gísli spáir fyrir um dauða Þorkels
- Ég hef vond klæði og hryggir það mig ekki þó að ég slíti þeim eigi gerr.
- Ingjaldur við Börk digra þegar Börkur hótar að drepa hann ef hann segir ekki til Gísla
- Bæði er nú að mikið er sagt frá fíflinu Ingjalds enda deilist það nú heldur víðara en ég hugði.
- Börkur digri þegar hann horfir á Ingjaldsfíflið á beit og áttar sig á því að það hafi verið Gísli sem þeir sáu á bátnum að herma eftir fíflinu

Fleyg orð úr Gísla sögu (5)

- Eigi veit ég hvað þeir þinga en það hygg ég að þeir þræti um hvort Vésteinn hefði átt eftir dætur einar eða hefði hann átt son nokkurn. -
- Helgi Vésteinsson þegar Börkur digri spyr hann hvað gangi á í látunum eftir að Þorkell Súrsson er veginn
- Fé er best eftir feigan.
- Auður Vésteinsdóttir við Eyjólf gráa þegar Eyjólfur býður henni silfur ef hún segði til Gísla
- Skaltu það muna, vesall maður, meðan þú lifir að kona hefur barið þig.
- Auður Vésteinsdóttir við Eyjólf gráa eftir að hún hafði lamið hann í andlitið með peningaskjóðunni
- Hafið hendur á hundinum og drepi þó að blauður sé.
- Eyjólfur við menn sína eftir að Auður hafði lamið hann með sjóðnum
- Það vissi ég fyrir löngu að ég var vel kvæntur en þó vissi ég eigi að ég væri svo vel kvæntur sem ég er.
- Gísli Súrsson um Auði konu sína eftir að hún hafði lamið Eyjólf með lurkinum svo hann missti allt afl